

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð  
Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing  
2021–2022.**

**Frumvarpið er endurflutt, sjá 543. mál á 151. þingi - velferð dýra.**

Sendandi: Agnar Darri Gunnarsson

Netfang: darri.gunnarsson@gmail.com S: 824-4790

Heimilisfang: Vesturgata 10, 220 Hafnarfjörður

**Undirritaður styður frumvarp þess efnis að blóðmerahald verði með öllu  
bannað.**

Ég undirritaður er verkfræðingur og starfa sem framkvæmdastjóri í tæknifyrirtæki. Ég hef stundað hestamennsku frá æskuárum, er gæðingadómari og rækta hross.

Undanfarið hefur blóðmerahald verið umfjöllunar í fréttamiðlum. Ljósi hefur verið varpað á starfsemina sem er illa studd rannsóknum, í hróplegu ósamræmi við reglur um aðbúnað dýra og meðferð hesta og stenst engan veginn kröfur um siðferði búskapar.

Við blóðtöku hérlendis er 17-19% af blóði fjarlæggt vikulega í 8 vikur. Þessi er yfirgengilega magntaka ein og sér er dýranið og er næg og fullkomin ástæða til að stöðva þessa starfsemi.

Matvælastofnun (MAST) og fyrirtækið Ísteka hafa haldið uppi vörnum fyrir búskapinn og vísað til ítrekaðra rannsókna um efnið. Nú er ljóst að íslenskar rannsóknir sem gamlar, illa unnar og haldlitlar. Erlendis hafa verið gerðar margar rannsóknir og eru niðurstöður þeirra samhljóða hvað snertir magn blóðs sem tekið og tíðni blóðtöku. Hérlendis er tekið miklu meira magn og mun oftast en talið er óhætt erlendis. Í ofanálög er hér um að ræða blóðtöku úr fylfullum hryssum sem ganga með folöldum en slíkt er bannað í löndum sem við berum okkur saman við.

Í grein Rósu Lífar Darradóttur; Blóðmerahald – hvað segja vísindin?, sem birt var á Vísí 16.12.2021, kemur m.a. fram heildarblóðmagn íslenska hestsins hefur verið stórlega ofmetið og talið vera 35-37 lítrar í stað 25-30 lítra. Þetta hefur orðið til þess að hryssum er tekið miklu meira blóð en heilsusamlegt getur talist. Þekking á blóðmagni hrossa er grundvallarforsenda í þessu efni og vanþekking á því til skammar þeim sem að starfseminni koma.

Eftirlit með starfseminni dugir engan veginn til að tryggja sanngjarna meðferð hrossa. Ekki er gerð nauðsynlega krafa um tamningu og því dæmi um að ungar og ótamdar hryssur séu hraktar til blóðtöku. Þá eru þær bundnar á meðan blóðtöku stendur. Að hross temjist við þessar aðstæður er fráleitt enda temjast hross ekki við bugun.

Framleiða má hormón með sömu virkni og PSMG hormónið eftirsóknaverða án þess að til komi blóðtaka úr hryssum. Það er einkum notað til að auka frjósemi gylta í

þau leiddi þar sem frjósemi í gífurleg og grísa dauði mikill. Siðferðislegan grunn blóðmerahalds vantar og augljóst að siðfræðileg rök hníga að því að stöðva skuli starfsemina.

Íslendingar eru hestapjóð. Við eigum okkar sérstaka hestakyn. Hestinn okkar stórkostlega eigum við að virða, vernda, dásama og kynna öðrum þjóðum. Stórmennið Ghandi sagði eitthvað á þá leið að siðferðisstyrk og mikilfengleika þjóðar mætti dæma af því hvernig hún sinnir dýrunum sínum. Tökum mið af því. Blóðmerabúskapur er íslenska hestinum ekki samboðin. Íslendingum ekki heldur.

Ég styð frumvarp um bann við blóðmerahaldi.

Kveðja,

Darri Gunnarsson